

Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Bragi, Gunnar og Þrándur.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Styrkur frá Ólympíuhjálpinni.** Alvar og Ragnhildur verða TSÍ innan handar við að kortleggja það sem vantar. Meðal annars að uppfæra lögin.
2. **Mót framundan.** Jólamót og meistaramót.
3. **Árshátíð.** Stefnt á að halda hana í Þróttarheimilinu. Athuga lausa daga. Stefnt á febrúar. Stefnt að því að afhenda Arnari Davis cup bikar.
4. **Tennisfólk ársins.** Kosin voru: Tennismaður ársins Birkir Gunnarsson. Efnilegasti tennismaður ársins Vladimir Ristic. Tenniskona ársins Íris Staub. Efnilegasta tenniskona ársins Hjördís Rósa Guðmundsdóttir.
5. **Styrkumsóknir.** Helgi gengur í málið. Karlalandsliðið, Vladimir, Hjördís, Sverrir, Anna Soffía og Hera.
6. **Tækifæri fyrir afreksfólk og efnilega.** Á árinu 2013 eru fjölmörg tækifæri fyrir bæði afreksfólk og efnilega. U-14, U-18, Davis cup, Smáþjóðaleikar, Danmerkurferð... Þarf að skoða.
7. **Tennisboltar.** Boltar sem notaðir eru við æfingar virðast stundum æði misjafnir. Bragi tekur að sér að heyra í þjálfurum, hvort þeir upplifa þetta sem vandamál og ef svo er, hvaða leiðir eru til úrbóta. Eru flutningskostnaður og skattar og gjöld að valda háu verði á boltum og því að boltar eru notaðir lengur en góðu hófi gegnir?
8. **World tennis day.** Líklega fyrsta mánudag í mars.
9. **Smáþjóðaleikar 2015.** Gunnar fundaði með ÍSí. Tryggja þarf að tennisaðstaða uppfylli kröfur og hægt að nota tækifærið til að þrýsta á fleiri velli, t.d. hjá Þrótti.
10. **Tennishöll í Reykjavík.** Hefur verið í umræðunni. Æskilegt að hún sé í tengslum við virka tennisdeild. Staðsetning í Laugardalnum í tengslum við Þrótt kæmi til greina.
11. **Noregsferð.** Líklega verður umfjöllun um Noregsferð í Tennis Europe á næstunni.
12. **Tennisleikir á vef Tennissambandsins.** Athuga með beinar útsendingar á vef Tennissambandsins eða setja upptökur af leikjum eða brotum úr þeim þar inn.
13. **Landsliðsmál.** Verða skoðuð eftir meistaramót.
14. **Stigamót.** Skerpt verður á reglum um hvaða mót teljast stigamót. Mót eru ekki sjálfkrafa stigamót.

Fundi slitið.